



Bæjarstjórn Akraness
Dalbraut 4
300 Akranes

Akranesi 30. nóvember 2022.

Efni: Uppbygging á Jaðarsbökkum.

Um flest er íþróttaaðstaða á Akranesi með ágætum. Stærstu framkvæmdir á síðustu 20 árum eru bygging Akraneshallar, bygging fimleikahúss, reiðskemmu og uppbygging á golfvellinum með tilheyrandi félagsaðstöðu. Án vafa er nú komið að því að huga að framkvæmdum við knattspyrnuvöllinn á Jaðarsbökkum sem í upphafi var gerður af sjálfböðaliðum á miðjum fjórða áratug síðustu aldar. Það hefur einkennt fjölda framkvæmda á svið íþróttamála á Akranesi að sjálfböðaliðar hafa lagt þar til ómetanlegt framlag og þótt tímarnir breytist þá byggist forsenda skipulags íþróttastarfs enn á sjálfböðavinnu og frumkvæði áhugafólks. Grasrótarstarf íþróttafélaganna hefur innan sinna végbanda iökendur sem eru liðlega 30% bæjarbúa en áhugafolk um íþróttir, þar með talið afreksstarf, eykur þann fjöldu til muna.

Að mati undirritaðra liggur ljóst fyrir að knattspyrnuvöllurinn á Jaðarsbökkum þarfast verulegra endurbóta svo aðstaðan standist samanburð við auknar gæðakröfur og það sem önnur knattspyrnufélög búa við. Má þar m.a. nefna endurnýjun á grasvellinum sjálfum (náttúrulegt gras, hybrid gras eða gervigras), flóðlysingu og aðstöðu áhorfenda, en vonast er til að búningsaðstaða batni verulega þegar framkvæmdum við íþróttahús á Jaðarsbökkum lýkur.

Í skipulagssamkeppni sem nýlega var haldin um Jaðarsbakkasvæðið komu fram ýmsar hugmyndir m.a. um svæðið næst Guðlaugu og svæði vestast á Jaðarsbökkum sem tengist svonefndum þyrlupalli. Ýmsar hugmyndir hafa áður verið reifaðar um nýtingu svæðisins við þyrlupallinn en þær ekki orðið að veruleika. Hins vegar eru öllum ljós þau tækifæri sem tengjast svæðinu við knattspyrnuvöllinn, þyrlupallinn og Guðlaugu, einkum varðandi útvist, ferðabjónustu og fleira. Því eru íþróttabandalag Akraness og Knattspyrnufélag íA reiðubúin að skoða með bæjaryfirvöldum hvernig best megi nýta svæðið íþróttahreyfingunni, bæjarbúum og gestum til heilla. Mikilvægt er hins vegar að sú umræða gangi greiðlega fyrir sig og henni verði fylgt eftir með framkvæmdum.

ÍA, KFÍA og Akraneskaupstaður hafa átt undanfarna mánuði átt samtal við Aðalstein Gunnar Jóhannsson hjá Ísold fasteignir sem hefur áhuga á uppbyggingu á vestasta hluta svæðisins. Um er að ræða hugmynd um byggingu hótelaðstöðu sem tengist Langasandi og Guðlaugu, m.a. með aukinni baðaðstöðu. Til þess að þær hugmyndir geti orðið að veruleika þarf að hliðra aðalvellinum til og liggur fyrir gróft mat á því hvort mögulegt sé að snúa leikvellinum um 90° og skapa þannig aukið rými vestan vallarins. Samkvæmt mælingu Mannvits virðist betta framkvæmanlegt og mögulegt að skipuleggja um 12000 m^2 svæði sem gæti uppfyllt kröfur um löglega stærð leikvallar með öryggissvæðum og nýrri aðstöðu fyrir áhorfendur, félagsaðstöðu og önnur rými annað hvort vestan eða austanvert við völlinn. Vestan vallarins má áætla að rými til uppbyggingar og umhverfisbóta sé um 1,5 ha. Mögulegt er að fleiri útfærslur geti orðið til í hönnunarferli.

Ekki liggur fyrir hvernig hótelaðstaða er hugsuð eða tengingar við Langasand og Guðlaugu, en ef þær hugmyndir rýma við hagsmuni bæjarins og ef viðkomandi aðili er reiðubúinn til þess að semja um kostnað vegna tilfærslu vallarins og endurnýjunar hans, að hluta eða öllu leyti, er áhugavert að kanna það mál til þrautar.

AKR.




Ljóst er að með breytingum á aðalvellinum mun ekki verða unnt að leika á honum í 1 eða 2 ár. Því væri nauðsynlegt að gera gervigrasvöll austan Akraneshallar með bráðabirgðaaðstöðu fyrir áhorfendur meðan á framkvæmdum stendur. Sá völlur myndi í framhaldi nýtast til æfinga og kepni flokka KFÍA til lengri tíma.

ÍA og KFÍA gera sér grein fyrir að veruleg undirbúnings- og hönnunarvinna er því samfara að breyta legu knattspyrnuvallarins og ljóst að breytt aðstaða verður að uppfylla kröfur og væntingar til lengri tíma. Miðað við fyrirliggjandi upplýsingar er hins vegar áhugavert að taka upp viðræður við þann aðila, sem hefur áhuga á að fjárfesta í hótelí og heilsutengdri aðstöðu á Jaðarbökum. Ljóst er að slíkar viðræður þurfa að eiga sér stað í samvinnu og samráði við Akraneskaupstað. Niðurstaða þeirra viðræðna myndi síðan marka næstu skref.

ÍA og KFÍA óska því eftir heimild bæjarins til að eiga viðræður við nefndan aðila með það að markmiði að leggja fyrir bæjarstjórn tillögu að skipulagi og drög að samkomulagi um hvernig koma megi því skipulagi til framkvæmda.

Meðfylgjandi er uppráttur unnin af Mannviti um nýja staðsetningu aðalvallar og hæðarlegu vallarins miðað við sundlaugarsvæðið.

Virðingarfyllst,

F.h. stjórnar Íþróttabandalags Akraness / ÍA

Hrönn Ríkharðsdóttir, formaður

F.h. stjórnar Knattspyrnufélags ÍA / KFÍA

Eggert Hjelm Herbertsson, formaður